

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 19. september 2014 í máli nr. E-217/2013:

**Þrotabú KNH ehf.**

*(Jón Gunnar Ásbjörnsson hdl.)*

**gegn**

**Vátryggingafélagi Íslands hf.**

*(Margrét Helga Kr. Stefánsdóttir hdl.)*

### I.

Mál þetta var höfðað 27. desember 2012 og dómtekið 4. september 2014 að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi er Þrotabú KNH ehf., Borgartúni 26, Reykjavík, en stefndi er Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess í fyrsta lagi að eftirfarandi ráðstöfunum stefnanda til stefnda verði rift:

1. Greiðslu stefnanda á skuld við stefnda 18. maí 2011 að fjárhæð 1.300.000 krónur.
2. Greiðslu stefnanda á skuld við stefnda 23. júní 2011 að fjárhæð 1.000.000 króna.
3. Greiðslu stefnanda á skuld við stefnda sem fram fór 21. júlí 2011 með afhendingu kröfu stefnanda á hendur Mjólkursamsölu ehf. að fjárhæð 364.094 krónur.
4. Greiðslu stefnanda á skuld við stefnda 2. ágúst 2011 að fjárhæð 910.000 krónur.
5. Greiðslu stefnanda á skuld við stefnda að fjárhæð 294.300 krónur sem fram fór með skuldajöfnuði 30. ágúst 2011.
6. Greiðslu stefnanda á skuld við stefnda 2. september 2011 að fjárhæð 1.000.000 króna.
7. Greiðslu stefnanda á skuld við stefnda 12. október 2011 að fjárhæð 1.000.000 króna.

8. Greiðslu stefnanda á skuld við stefnda að fjárhæð 341.742 krónur sem fram fór með skuldajöfnuði 12. október 2011.

Þess er í öðru lagi krafist að stefndi greiði stefnanda 6.210.136 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá málshöfðunardegi til greiðsludags.

Þess er í þriðja lagi krafist að stefndi greiði stefnanda málskostnað.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar. Stefndi krefst jafnframt málskostnaðar.

## II.

### *Málsatvik*

Stefnandi var verktakafyrirtæki sem vann í verktöku við vegagerð og jarðvinnu. Stefnanda var veitt heimild til greiðslustöðvunar með úrskurði Héraðsdóms Vestfjarða hinn 3. maí 2011. Skyldi greiðslustöðvunin standa frá úrskurðardegi til 24. maí 2011. Í skýrslu aðstoðarmanns í greiðslustöðvun, dags. 23. maí 2011, til Héraðsdóms Vestfjarða, kemur m.a. fram að á greiðslustöðvunartíma hafi verið stillt upp áætlun um starfsemi félagsins til skemmri tíma, til þess að bjarga mætti þeim verðmætum sem felist í verkefnastöðu félagsins og verkstöðum auk þess sem unnið hefði verið að því að fá nýtt fjármagn inn í félagið.

Með úrskurðum 27. maí, 23. ágúst og 1. nóvember 2011 var greiðslustöðvun stefnanda framlengd, síðast til 24. nóvember 2011. Með bréfi, dags. 25. nóvember 2011, óskaði stefnandi eftir heimild til að leita nauðasamninga og var sú beiðni samþykkt. Með úrskurði, dags. 13. janúar 2012 var heimild stefnanda til að leita nauðasamninga felld úr gildi og bú stefnanda í kjölfarið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Vestfjarða, dags. 17. janúar 2012.

Samkvæmt skýrslu endurskoðunarfyrirtækisins Ernst & Young, dags. 16. maí 2012, hafði stefnandi innt af hendi eftirfarandi greiðslur til stefnda á tímabili greiðslustöðvunar stefnanda:

1. Greiðslu á skuld við stefnda 18. maí 2011 að fjárhæð 1.300.000 krónur.
2. Greiðslu á skuld við stefnda 23. júní 2011 að fjárhæð 1.000.000 króna.
3. Greiðslu á skuld við stefnda 2. ágúst 2011 að fjárhæð 910.000 krónur.
4. Greiðslu á skuld við stefnda 2. september 2011 að fjárhæð 1.000.000 króna.

5. Greiðslu á skuld við stefnda 12. október 2011 að fjárhæð 1.000.000 króna.

6. Greiðslu á skuld við stefnda að fjárhæð 341.742 krónur 12. október 2011 með skýringunni „Tjónsbætur upp í lausafj. tryggingar“.

Samkvæmt áðurgreindri skýrslu Ernst & Young, skuldajafnaði stefnandi enn fremur eftirfarandi reikningum á móti skuld stefnda á hendur sér:

7. Reikningur gefinn út á stefnda 12. október 2011 með skýringunni „Tjónabætur v. Þjófnaðar Suðurströnd“ að fjárhæð kr. 379.642.

8. Reikningur gefinn út á stefnda 30. ágúst 2011 með skýringunni „Bætur vegna innbrot“ að fjárhæð kr. 294.300.

9. Reikningur gefinn út á Mjólkursamsöluna ehf. 30. júní 2011 með skýringunni „RE-447. Mjólkurbíll réttur við og fluttur til Reykjavíkur“ að fjárhæð kr. 364.094.

Einnig kemur fram í skýrslu Ernst & Young að tekjur stefnanda á greiðslustöðvunartímabilinu hafi numið u.þ.b. 634 milljónum króna með virðisaukaskatti. Er tekið fram að félagið hafi haft tekjur frá ýmsum aðilum á tímabilinu, en um 80% þeirra hafi verið frá Vegagerðinni.

Skuld stefnanda við stefnda nam 13.359.305 krónum við upphaf greiðslustöðvunar hinn 3. maí 2011, sbr. yfirlit hreyfinga á lánardrottnareikningi stefnda hjá stefnanda fyrir tímabilið 3. maí til 31. desember s.á.

Á þeim tíma sem stefnandi leitaði eftir greiðslustöðvun vann félagið að vegavinnu á Vopnafjarðarvegi og Suðurstrandarvegi og að framkvæmdum við snjóflóðavarnargarð á Ísafirði.

Stefnandi hafði áður átt í viðskiptum við stefnda eða frá 29. apríl 2009 og námu iðgjöld vegna tryggingarþjónustu um 1.000.000 króna fyrir hvern mánuð. Um var að ræða lögbundnar ábyrgðartryggingar ökutækja og brunatryggingar húseigna, kjarasamningsbundnar tryggingar starfsmanna og aðrar samnings- og skyldubundnar tryggingar. Stefndi hafnaði frekari viðskiptum við stefnanda eftir að stefnandi var kominn í greiðslustöðvun, nema greidd yrði fyrir þjónustuna 1.000.000 króna á mánuði, fyrir fram fyrir hvern mánuð.

Samkvæmt hreyfingaryfirliti stefnanda hjá stefnda fyrir tímabilið 1. maí til 31. desember 2011 s.á. var greiðslum sem krafist er riftunar á varið í tryggingariðgjöld vegna nýtrygginga auk vaxta og innheimtukostnaðar sem stofnað var til eftir að heimild til greiðslustöðvunar var veitt. Var um að ræða greiðslur vegna váttryggingartímabila frá 12. maí 2011 til 31. ágúst 2012, en að undanskilinni greiðslu samkvæmt 3. tölulið í dómkröfum stefnanda, þ.e.a.s. greiðslu á skuld við stefnanda sem fram fór 21. júlí 2011 með afhendingu á kröfu stefnanda á hendur Mjólkursamsölnni ehf. að fjárhæð 364.094 krónur. Kom fram við aðalmeðferð

málsins að greiðsla þessi hefði fyrir mistök verið færð inn á tryggingartímabil árið 2010.

Jón Ármann Guðjónsson, aðstoðarmaður í greiðslustöðvun stefnanda gaf skýrslu fyrir dóminum. Tók hann fram að veitt hefði verið leyfi til áframhaldandi viðskipta stefnanda. Lagt hefði verið upp með að ljúka ákveðnum verkefnum sem félagið var byrjað á. Félagið hefði verið komið langt með ákveðin verk og það hefði verið mat hans að ef þeim yrði ekki lokið myndu miklir fjármunir tapast. Ekki hafi verið rætt sérstaklega um heimildir stefnanda til þess að greiða fyrir tryggingar en ljóst hefði verið að félagið var með tæki í rekstri og því hefði hann gefið sér, og taldi nauðsynlegt, að félagið væri með tryggingar. Hann hefði ekki samþykkt að tæki og mannskapur væru ótryggt á meðan væri verið að ljúka þeim. Hann hefði á hinn bóginn ekki samþykkt hinar umþrættu greiðslur sérstaklega.

### III.

#### *1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi krefst þess að rift verði greiðslum stefnanda á skuldum við stefnda á tímabili greiðslustöðvunar stefnanda. Vísar stefnandi til ákvæða 1. mgr. 19. gr., 1. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 21. gr. gþl.

Við upphaf greiðslustöðvunar hafi skuld stefnanda við stefnda numið 13.359.305 krónum. Kröfur vegna þessarar skuldar hafi stofnast fyrir frest dag og njóti réttarstöðu almennra krafna við gjaldþrotaskipti stefnanda. Þótt stefnandi hafi stofnað til einhverra skuldbindinga við stefnda á tímabili greiðslustöðvunar telur stefnandi það ekki skipta máli þar sem alltaf verði að ráðstafa greiðslu upp í elstu gjaldföllnu kröfu nema annað sé tekið fram við greiðsluna. Þannig hafi greiðslurnar átt að ganga upp í eldri skuldir stefnanda við stefnda sem urðu til fyrir greiðslustöðvunartímabilið. Kröfurnar sem greiddar voru hefðu því notið réttarstöðu almennrar kröfu í þrotabú stefnanda.

Jafnvel þótt litið yrði svo á að greiðslunum hafi verið ráðstafað upp í kröfur sem stofnast höfðu eftir frest dag telur stefnandi að kröfurnar hefðu þrátt fyrir það með réttu notið réttarstöðu almennra krafna. Þá telur stefnandi að aðstoðarmaður hans við greiðslustöðvunina hafi ekki samþykkt þessar ráðstafanir, hvorki með sérstökum né almennum hætti. Stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að heimild hafi staðið til þessara ráðstafana og að aðstoðarmaður stefnanda hafi samþykkt þær. Í ljósi alls framangreinds telur stefnandi ljóst að kröfur stefnda á hendur stefnanda hefðu ekki notið réttastöðu búskrafna samkvæmt 4. tölulið 110. gr. gþl. við gjaldþrotaskipti, heldur réttarstöðu almennra krafna samkvæmt 113. gr. sömu laga.

Enn fremur telur stefnandi, að þótt litið yrði svo á að kröfur stefnda hefðu notið réttarstöðu búskrafna samkvæmt 4. tölulið 110. gr. gþl., þá hefðu þær ekki fengist greiddar við gjaldþrotaskipti stefnanda. Búskröfur þær sem lýst var við skiptin nemi 227.112.092 krónum en bú stefnanda hafi nánast verið eignalaust þegar mál þetta hafi verið höfðað. Þannig hefði stefndi, miðað við stöðu búsinns við málshöfðun þessa, ekki fengið kröfur sínar greiddar nema að takmörkuðu leyti þótt þær yrðu taldar til búskrafna.

Tilgangur riftunarreglna XX. kafla gjaldprotalaga sé að tryggja jafnræði kröfuhafa. Þó að talið verði að stefndi hafi allt að einu átt búskrófur á hendur stefnanda, sem gætu notið úthlutunar að einhverju leyti við skiptin, verði að jafna stöðu búskrófuhafa þannig að allir sem séu í sömu stöðu fái sama hlutfall búskrafna sinna greitt.

Protabúið hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirra ráðstafana sem krafist sé riftunar á og telur stefnandi að í þeim hafi falist i) greiðsla stefnanda á skuld stefnda í óvenjulegum greiðslueyri samkvæmt 1. mgr. 134. gr. gþl. í tilvikum riftunarkröfu nr. 3; ii) greiðsla stefnanda á skuld við stefnda eftir frestdag samkvæmt 1. mgr. 139. gr. gþl. og iii) ótilhlýðileg ráðstöfun stefnda til hagsbóta samkvæmt 141. gr. gþl. Krefst stefnandi þess að greiðslunum verði rift samkvæmt framangreindum ákvæðum.

Þá telur stefnandi að skilyrði skuldajafnaðar vegna dómkrafna nr. 5 og 8 hafi ekki verið uppfyllt. Vísar stefnandi til 100. gr. gþl. Frestdagur við skiptin á búi stefnanda hafi verið 3. maí 2011. Þar sem kröfur bæði stefnanda og stefnda, sem notaðar voru til að skuldajafna á greiðslustöðvunartímabilinu, hafi stofnast eftir frestdag, sé ljóst að ákvæði gjaldprotalaga um riftun greiðslu gildi um þessa skuldajöfnuði, sbr. 136. gr. gþl. Telur stefnandi að í þessum skuldajöfnuðum hafi falist greiðslur stefnanda á skuld við stefnda sem stefnandi krefst að verði rift skv. 1. mgr. 139. gr. og 1. mgr. 141. gr. gþl., sbr. 136. gr. gþl.

Stefnandi byggir sjálfstætt á því að í greiðslu stefnanda á skuld við stefnda sem fram fór 21. júlí 2011 með afhendingu kröfu stefnanda á hendur Mjólkursamsölunni ehf. að fjárhæð 364.094 krónur, sbr. riftunarkröfu nr. 3, hafi falist greiðsla stefnanda á skuld við stefnda með óvenjulegum greiðslueyri í skilningi 1. mgr. 134. gr. gþl. Krefst stefnandi þess að greiðslunni verði rift samkvæmt heimild í ákvæðinu. Stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir því að greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Það hafi ekki tíðkast áður í viðskiptum aðila að stefnandi greiddi með kröfum sem hann hafi átt á hendur öðrum aðilum. Framangreint greiðslufyrirkomulag geti því ekki talist venjulegt.

Stefnandi byggir sjálfstætt á því að í öllum þeim greiðslum, sem krafist er riftunar á í máli þessu, hafi falist greiðslur á skuldum stefnanda við stefnda eftir frestdag sem heimilt sé að rifta samkvæmt 1. mgr. 139. gr. gþl. Frestdagur við skiptin hafi verið 3. maí 2011. Stefndi greiddi skuldir sínar við stefnda á tímabilinu frá 18. maí 2011 til 12. október 2011. Skilyrði riftunar samkvæmt framangreindu ákvæði er því uppfyllt.

Þá fær stefnandi ekki séð að greiðslurnar hafi verið nauðsynlegar til að forða stefnanda frá tjóni. Verði að líta til þess að grundvallarreglan er sú að á greiðslustöðvunartímabili á skuldari ekki að greiða neinar skuldir. Auk þess verði að hafa í huga að þær kröfur sem stefnandi greiddi nutu ekki veðtrygginga, forgangsréttar eða annarra trygginga. Enn fremur voru greiðslur skuldanna ekki nauðsynlegar í þágu atvinnurekstrar stefnanda á þeim tíma er þær voru inntar af hendi og skiluðu þær sér ekki í neinum auknum tekjum fyrir stefnanda á greiðslustöðvunartímabilinu, eða forðuð honum frá tjóni.

Enn fremur telur stefnandi að stefnda hafi mátt vera fullljóst að komin var fram beiðni stefnanda um greiðslustöðvun. Ljóst er að stefnandi var í miklum

vanskilum við stefnda við upphaf greiðslustöðvunar. Stefnandi telur að gera hafi orðið þær kröfur til stefnda að hann fylgdist með fjárhagsstöðu stefnanda og leitaði tiltækra upplýsinga um vanskil hans og framkomnar beiðnir og kröfur samkvæmt lögum nr. 21/1991, sbr. 9. gr. þeirra. Verði að meta það stefnda til gáleysis hafi hann ekki leitað slíkra upplýsinga.

Að lokum telur stefnandi ljóst að aðstoðarmaður stefnanda við greiðslustöðvun hafi ekki samþykkt umræddar greiðslur stefnanda til stefnda á greiðslustöðvunartímabilinu, hvorki með sérstökum né almennum hætti. Jafnvel þótt hann hefði samþykkt greiðslurnar telur stefnandi að slíkt samþykki hefði verið bersýnilega gefið í andstöðu við heimildir gjaldþrotalaga til ráðstafana, sbr. 3. mgr. 139. gr. laganna.

Stefnandi byggir sjálfstætt á því að í greiðslum stefnanda til stefnda hafi falist ráðstafanir sem á ótilhlýðilegan hátt voru stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa. Krefst stefnandi þess að greiðslunum verði rift samkvæmt heimild í 141. gr. gþl.

Stefnandi byggir kröfu sína, um greiðslu 6.210.136 króna úr hendi stefnda, á 1. og 3. mgr. 142. gr. gþl. Verði fallist á kröfu stefnanda um riftun á greiðslu stefnanda á skuld við stefnda, sem fram fór með afhendingu á kröfu stefnanda á hendur Mjólkursamsölunni ehf. að fjárhæð 364.094, krónur sbr. riftunarkröfu nr. 3, á grundvelli 134. gr. gþl. byggir stefnandi á því að hann eigi rétt á að krefja stefnda um endurgreiðslu á 364.094 krónum samkvæmt 1. mgr. 142. gr. gþl.

Stefnandi byggir einnig á því að stefnda beri að endurgreiða þá fjárhæð sem hann auðgaðist um vegna hinna riftanlegu greiðslna á grundvelli 3. mgr. 142. gr. gþl. Í því ákvæði segir að fari riftun fram samkvæmt 139. eða 141. gr. skuli sá sem hafði hag af riftanlegri ráðstöfun greiða bætur eftir almennum reglum.

## *2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi vísar til 2. mgr. 20. gr. og 21. gr. laga nr. 21/1991 til stuðnings sýknukröfu sinni. Skuldara sé heimilt, meðan á greiðslustöðvun stendur, að inna af hendi greiðslur til að standa straum af nauðsynlegum útgjöldum af rekstri hans, sbr. 2. tölulið.- 20. gr. Það sama eigi við sé eignum varið í að greiða skuldir að því leyti sem heimilt sé samkvæmt 21. gr. laganna, sbr. 3. tölulið og til að greiða óumflýjanlegan kostnað af tilraunum til að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans, sbr. 4. tölulið Í 5. tölulið er loks mælt fyrir um að undantekningin eigi við sé verið að kosta aðgerðir sem má telja víst að séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir verulegt tjón.

Samkvæmt 2. máls. 1. mgr. 21. gr. sé skuldara heimilt að greiða skuldir eða efna aðrar skuldbindingar sínar meðan á greiðslustöðvun stendur ef telja má víst að það sé nauðsynlegt til að varna verulegu tjóni. Þá sé í 2. mgr. 21. gr. ákvæði um undantekningar frá almennu banni skuldara við að stofna til *nýrra skulda, taka á sig aðrar skuldbindingar* eða leggja höft á eignir sínar eða réttindi meðan á greiðslustöðvun stendur. Undantekningar frá banninu séu m.a. þær að slíkar ráðstafanir séu nauðsynlegar til að halda áfram atvinnurekstri skuldara eða til þess

að varna verulegu tjóni. Þá sé það skilyrði að aðgerðirnar þyki lánardrottnum skuldarans til hagsbóta.

Telur stefndi að framangreind atvik eigi við um þær greiðslur sem stefndi tók á móti frá stefnanda á tímabilinu. Greiðslur sem inntar voru af hendi til stefnda á tímabilinu og greinir í töluliðum 1-8 í stefnu hafi ekki verið uppgjör eldri skulda við stefnda heldur séu þær tilkomnar vegna þeirra skuldbindinga sem stofnuðust á greiðslustöðvunartímabilinu. Greiðslurnar fólu í sér óhjákvæmileg útgjöld stefnda til að geta haldið atvinnustarfsemi sinni gangandi og lokið vinnu við þau verkefni sem voru á borðinu, sem var jafnframt forsenda þess að markmiðum greiðslustöðvunar yrði náð. Með því væri hagur lánardrottna jafnframt best tryggður. Ljóst sé að án viðkomandi þjónustu frá stefnda hefði stefndi og síðar kröfuhafar félagsins við gjaldþrotaskipti orðið af miklum verðmætum.

Stefndi hafi haft heimild og samþykki umsjónarmanns í greiðslustöðvun fyrir því að rekstri félagsins yrði áfram haldið og nauðsynlegur kostnaður því samfara yrði greiddur. Áframhaldandi samningssamband og greiðslur til stefnda hafi verið svo beintengdar rekstri stefnanda og slík grundvallarforsenda að ekki verði litið svo á að stefndi hafi með greiðslunum farið út fyrir samþykki aðstoðarmanns, sbr. 1. mgr. 19. gr. gjaldþrotalaga. Útgjöld vegna trygginga voru stefnanda jafn nauðsynleg og olía á vinnuvélarnar og efniviður í framkvæmdirnar.

Stefndi byggir á því að greiðslur til hans séu ekki riftanlegar á grundvelli 1. mgr. 139. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Til greiðslu á *skuld* í skilningi ákvæðisins teljast ekki greiðslur þegar efni samninga er með þeim hætti að greiða á smátt og smátt gegn sambærilegu endurgjaldi gagnaðila svo sem á við t.a.m um leigusamninga, ráðningarsamninga og verksamninga. Byggir stefndi á því að sömu sjónarmið eigi við um tryggingarsamninga. Greiðslur til stefnda voru tilkomnar vegna nauðsynlegra tryggingariðgjalda sem greiða þurfti á greiðslustöðvunartímabilinu til að viðhalda tryggingum á því tímabili.

Stefndi byggir í öðru lagi á því að um greiðslur til hans eigi við undantekningar sem getið er um í ákvæði 139. gr. Ákvæðið mælir fyrir um þrjú tilvik þess að ekki sé unnt að gera kröfu um riftun á greiðslu skuldar eftir frestdag. Þar með talið að nauðsynlegt hafi verið að greiða til að komast hjá tjóni. Hefði stefndi ekki fengið greidd iðgjöld á tímabilinu sé ljóst að samningssambandi aðila hefði þá þegar verið rift, þ.e. vanskil myndu leiða til þess að hætt yrði að veita þjónustuna. Hlotist hefði af því mikið tjón fyrir stefnanda og kröfuhafa en telja verði ólíklegt að önnur tryggingarfélög hefðu verið tilbúin að stofna til viðskipta við stefnanda og veita honum þjónustuna án þess að fá greitt.

Stefndi byggir á því að greiðslur til stefnda, sbr. dómkröfur 1-8, verði ekki taldar ótilhlýðileg ráðstöfun í skilningi 141. gr. gjaldþrotalaga. Stefndi hafi haft heimild og samþykki umsjónarmanns síns í greiðslustöðvun fyrir því að rekstri félagsins yrði fram haldið og nauðsynlegur kostnaður því samfara yrði greiddur. Greiðslur voru ekki inntar af hendi til stefnda í því skyni að gera hlut hans betri en annarra lánardrottna heldur voru þær greiðsla fyrir þjónustu sem var stefnanda nauðsynleg til að auka sem mest eignasafn sitt og voru þannig til þess fallnar og urðu raunverulega til þess að hægt var að bæta hag annarra lánardrottna. Þá mátti stefndi undir þessum kringumstæðum ekki ætla að greiðslur til hans væru ótilhlýðilegar.

Um greiðslur sem fengust með skuldajöfnun, sbr. dómkröfur 5 og 8, tekur stefndi fram að skuldajöfnun sé ekki sérstök riftunarástæða, heldur verði riftun slíkra greiðslna að grundvallast á riftunarreglum laga nr. 21/1991. Stefndi ítrekar að greiðslum til hans á tímabilinu, hvort sem er með innborgun stefnanda eða skuldajöfnun, verði ekki rift á grundvelli ákvæða XX. kafla gjaldþrotalaga. Vísar stefndi til fyrri umfjöllunar sinnar um ákvæði 139. gr. og 141. gr. gjaldþrotalaga.

Stefndi tekur fram að gagnkröfur hans séu vegna réttar hans til tjónagreiðslna frá stefnda vegna tjóns á váttryggðum eignum á greiðslustöðvunartímabilinu. Ljóst sé að stefnandi hefði ekki eignast umræddar kröfur á hendur stefnda nema vegna þess að iðgjöld tímabilsins voru greidd. Eðlilegt er að tjónagreiðslur þessar séu skuldajafnaðar við iðgjöld í vanskilum.

Til stuðnings kröfu sinni um sýknu byggir stefndi auk þess á því í öllum tilvikum að greiðslum til hans verði ekki rift og honum gert að endurgreiða féð þar sem reglur XVII. kafla laganna um skuldaröð hefðu leitt til þess að umræddar kröfur stefnda fengjust greiddar við gjaldþrotaskipti. Grundvallarskilyrði riftunarkröfu er að þrotabúið hafi orðið fyrir tjóni vegna ráðstöfunar. Stefndi byggir á því að svo hafi ekki verið í máli þessu.

Verði ekki fallist á framangreint byggir stefndi á því að fjárkröfur stefnanda beri að lækka verulega með vísan til þeirra röksemda sem raktar eru í greinargerð þessari.

#### IV.

##### *Niðurstæða*

Samkvæmt kröfugerð stefnanda á hendur stefnda, er krafist riftunar á átta greiðslum stefnanda til stefnda samtals að fjárhæð 6.210.136 krónur, sem inntar voru af hendi á greiðslustöðvunartímabili stefnanda, en félaginu var veitt heimild til greiðslustöðvunar á tímabilinu 3. maí 2011 til og með 24. nóvember s.á, með úrskurðum Héraðsdóms Vestfjarða, dags. 3. maí, 27. maí, 23. ágúst og 1. nóvember 2011. Með bréfi, dags. 25. nóvember 2011, óskaði stefnandi eftir heimild til að leita nauðasamninga og var sú beiðni samþykkt. Með úrskurði, dags. 13. janúar 2012 var heimild stefnanda til að leita nauðasamninga felld úr gildi og bú stefnanda í kjölfarið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Vestfjarða, dags. 17. janúar 2012.

Samkvæmt gögnum málsins var greiðslum ráðstafað til kaupa á nýjum tryggingum stefnanda hjá stefnda og án þess að eldri skuldir væru greiddar, að undanskilinni greiðslu stefnanda sem fram fór 21. júlí 2011 með afhendingu á kröfu stefnanda á hendur Mjólkursamsölunni ehf. að fjárhæð 364.094 krónur, sbr. tölulið 3 í dómkröfum stefnanda. Samkvæmt skýringum stefnda við aðalmeðferð málsins var síðastgreindri greiðslu fyrir mistök ráðstafað inn á vangoldnar tryggingar frá árinu 2010.

Samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti er aðstoðarmanni skuldara heimilt að veita skuldaranum fyrir fram almennt samþykki til að verja fjármunum innan tiltekinna marka til að afla sér og fjölskyldu sinni daglegra nauðsynja eða til að standa straum af reglubundnum eða nauðsynlegum útgjöldum til að halda áfram rekstri sínum [...].

Fram kom í skýrslutöku aðstoðarmanns við greiðslustöðvun fyrir dóminum að veitt hefði verið leyfi til áframhaldandi viðskipta stefnanda á greiðslustöðvunartíma. Ekki hefði verið rætt sérstaklega um heimildir stefnanda til þess að greiða tryggingariðgjöld, en ljóst hefði verið að stefnandi hafi verið með tæki í rekstri og að hann hefði því gefið sér og talið nauðsynlegt að félagið væri með tryggingar. Telur dómurinn að líta verði svo á að með þessu hafi verið fullnægt skilyrðum 2. mgr. 19. gr. laga nr. 21/1991 um ráðstafanir stefnanda samkvæmt dómkröfufliðum 1-2 og 4-8.

Víkur þá að ráðstöfunum stefnanda til stefnda samkvæmt dómkröfuflið 3.

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 21/1991, er skuldaranum óheimilt að greiða skuldir eða efna aðrar skuldbindingar sínar meðan á greiðslustöðvun stendur nema að því leyti sem víst er að skuldbindingin yrði efnd eða skuldin yrði greidd eftir stöðu sinni í skuldaröð ef til gjaldþrotaskipta kæmi á búi hans í kjölfar greiðslustöðvunar. Heimilt er þó annars að greiða skuld eða efna aðra skuldbindingu ef telja má víst að það sé nauðsynlegt til að varna verulegu tjóni. Ákvæði þetta þykir ekki eiga við í málinu. Með vísan til þessa og áðurgreindra skýringa stefnda um greiðslu fjárhæðarinnar vegna mistaka, er með vísan til 1. mgr. 139. gr. laga nr. 91/1991, fallist á kröfu stefnanda um riftun umræddrar greiðslu að fjárhæð 364.094 krónur. Ber stefnda að endurgreiða stefnanda greinda fjárhæð ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. desember 2012 til greiðsludags.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, fellur málskostnaður milli aðila niður.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## **DÓMSORÐ:**

Rift er greiðslu stefnanda á skuld við stefnda sem fram fór 21. júlí 2011 með afhendingu kröfu stefnanda á hendur Mjólkursamsölunni ehf. að fjárhæð 364.094 krónur. Að öðru leyti er stefndi sýkn af kröfum stefnanda.

Stefndi greiði stefnanda 364.094 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 27. desember 2012 til greiðsludags.

Málskostnaður er felldur niður.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)